

ÞJÓNUSTUHANDBÓK

AA-samtakanna á Íslandi



Útgefandi: AA-útgáfan

www.aa.is

17. maí 2025

AA-samtökin

Alcoholics Anonymous

Stofnuð á Íslandi 16. apríl 1954

Inngangsorð AA-samtakanna

AA-samtökin eru félagsskapur fólks sem samhæfir reynslu sína, styrk og vonir svo að það megi leysa sameiginlegt vandamál sitt og sé fært um að hjálpa öðrum til að losna frá áfengisbólinu.

Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka.

Inntöku- eða félagsgjöld eru engin, en með innbyrðis samskotum sjáum við okkur efnalega farborða.

AA-samtökin eru sjálfstæð heild og óháð hvers kyns félagsskap öðrum. Þau halda sig utan við þras og þrætur og taka ekki afstöðu til opinberra mála. Höfuðtilgangur okkar er að vera ódrukkin og að styðja aðra alkóhólista til hins sama.

*Inngangsorð AA-samtakanna. Höfundaréttur (c) The AA Grapevine, Inc.
Þýðing og endurprentun með leyfi.*

Yfirlýsing um einingu

Við stöndum í þakkarskuld við AA-samtökin.
Þess vegna látum við sameiginlega velferð sitja í fyrirrúmi
og varðveitum einingu samtakanna.
Því að líf okkar er undir einingu AA-samtakanna komið.
Og líf þeirra, sem koma á eftir okkur.

Ég ber ábyrgð

Þegar einhver, einhvers staðar, biður um hjálp, vil ég
að útrétt hönd AA sé ávallt til staðar
og ég ber ábyrgð á því.

Endursk.: 17.05.2025 LÞR

Copyright© 2025

AA-útgáfan

Tjarnargötu 20, 101 Reykjavík

Tölvupóstur: aa@aa.is • Heimasíða: aa.is • Sími: 551-2010

Neyðarsími AA: 895-1050 Reykjavík

Neyðarsími AA: 849-4012 Akureyri

Efnisyfirlit

1. Þjónustuhandbókin	5
1.1 Hvers vegna Þjónustuhandbók?	5
1.2 Breytingar á Þjónustuhandbókinni	5
1.3 Erfðavenjurnar tólf (lengri útgáfa)	5
1.4 Þjónustuhugtökinn tólf fyrir Ísland	8
2. AA-samtökin á Íslandi	10
2.1 Uppbygging AA-samtakanna á Íslandi	10
2.2 Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar	11
3. AA-deild.....	14
3.1 AA-deildin	14
3.2 Að vera í þjónustu	14
3.2.1 Þjónustunefnd	14
3.2.2 Ábyrgðarmaður/deildarfulltrúi	14
3.2.2.1 Ábyrgðarmaður	14
3.2.2.2 Deildarfulltrúi	15
3.2.3 Gjaldkeri	15
4. Fjármál.....	16
4.1 Peningar skipta máli.	16
4.2 Hvað er hæfilegur varasjóður?	17
5. Nefndir og oddamaður	18
5.1 Hverfis- og svæðisnefndir	18
5.1.1 Oddamaður	18
5.2 Tillaga að fundarformi hverfis- og svæðisnefnda	19
6. Hin árlega landsþjónusturáðstefna	20
6.1 Landsþjónusturáðstefna	20
6.1.1 Ráðstefnuupplýsinganefnd	20
6.1.2 Ráðstefnuvefnefnd	20
6.2 Tillögur frá deildum	21
6.3 Kjörnefnd	21
6.3.1 Hverjir sitja í kjörnefnd?	21
6.4 Millipínganefnd	22
6.4.1 Hverjir sitja í millipínganefnd?	22

7. Landsþjónustunefnd og undirnefndir	23
7.1 Landsþjónustunefnd	23
7.1.1 Hve margir sitja í nefndinni?	23
7.1.2 Hverjir sitja í Landsþjónustunefnd?	23
7.1.3 Nýr fulltrúi í Landsþjónustunefnd	24
7.1.4 Ei-alkar í Landsþjónustunefnd.	24
7.2 AA-útgáfan	24
7.2.1 Hverjir sitja í AA-útgáfunni?	25
7.3 Skrifstofunefnd	25
7.4 Skrifstofan	25
7.5 Upplýsinganefnd	26
7.5.1 Hverjir sitja í upplýsinganefnd?	26
7.5.2 Starfsemi upplýsinganefndar.	26
7.6 Vefnefnd.	27
7.6.1 Hverjir sitja í vefnefnd?	27
A Viðauki	
A.1 Tólf reynsluspor AA	28
B Viðauki	
B.1 Tólf erfðavenjur AA (styttri útgáfa)	29
C Viðauki	
C.1 Tólf þjónustuhugtök fyrir heimsþjónustu AA (styttri útgáfa)	30
C.2 Tólf þjónustuhugtök fyrir heimsþjónustu AA (lengri útgáfa)	32

1. Þjónustuhandbókin

1.1 Hvers vegna Þjónustuhandbók?

Handbók þessi er sniðin eftir amerískri fyrirmynd¹ og er ætlað að skýra uppbyggingu og starfsemi AA-samtakanna á Íslandi.

1.2 Breytingar á Þjónustuhandbókinni

Tillögur að breytingum á Þjónustuhandbókinni á að leggja fram skriflega á Landsþjónusturáðstefnu og kynna þær ítarlega fyrir ráðstefnugestum. Samþykki meirihluti ráðstefnugesta tillögunna er henni vísað til millipinganeftdar. Millipinganeftnd gerir grein fyrir afgreiðslu sinni á Landsþjónusturáðstefnu ári síðar, samanber kafla 6.3. Afgreiðsla millipinganeftdar skal kynnt og rædd og atkvæðagreiðsla fara fram um hana. Afgreiðsla millipinganeftdar telst samþykkt, samþykki $\frac{2}{3}$ ráðstefnugesta hana, samanber kafla 2.2. Þjónustuhandbókinni verður þá breytt til samræmis við afgreiðslu millipinganeftdar.

Á heimasíðu AA-samtakanna www.aa.is má ætíð finna nýjustu útgáfu af Þjónustuhandbókinni.

1.3 Erfðavenjurnar tólf (lengri útgáfa)

Reynsla AA-samtakanna hefur kennt okkur að:

Fyrsta – Sérhver AA-félagi er aðeins lítið brot af stórrri heild. AA-samtökin verða að halda áfram að lifa, annars munu flest okkar áreiðanlega týna lífinu. Þess vegna situr sameiginleg velferð okkar í fyrirrúmi. En velferð einstaklingsins fylgir fast á eftir.

Önnur – Í málum deilda er aðeins einn leiðtogi – kærleiksríkur Guð eins og hann birtist í samvisku hvers hóps.

Þriðja – Aðild að félagsskap okkar ætti að eiga við um alla sem þjást af alkóhólisma. Þess vegna megum við ekki neita neinum um inngöngu sem vill ná bata. Aðild að AA-samtökunum ætti heldur aldrei að vera háð peningum eða undirgefni. Hvaða tveir eða þrír alkóhólistar, sem koma saman í þeim tilgangi að verða allsgáðir, mega kalla sig AA-deild, svo framarlega sem þeir sem deild séu ekki háðir utanaðkomandi aðilum.

1 The A.A. Service Manual, 2006-2007 edition.

Fjórtða – Hvað eigin mál varðar ætti hver AA-deild ekki að vera ábyrg gagnvart neinu öðru yfirvaldi en samvisku deildarinnar. Ef hún hinsvegar er með áætlanir sem varða einnig velferð deilda á sama svæði, ætti hún að ráðfæra sig við þær deildir. Engin deild, svæðisnefnd eða einstaklingar, ættu nokkurn tíma að hefjast handa um eitthvað sem gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir AA-samtökin sem heild, án þess að ráðfæra sig við trúnaðarmenn Aðalþjónustunefndarinnar (General Service Board). Í slíkum málum situr sameiginleg velferð okkar algjörlega í fyrirrúmi.

Fimmta – Sérhver AA-deild ætti að vera andleg eining sem hefur aðeins eitt meginmarkmið – að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna.

Sjötta – Vandamál er varða fjármuni, eignir og yfirráð geta auðveldlega fjarlæggt okkur hinu upphaflega, andlega markmiði okkar. Því teljum við að öllum umtalsverðum eignum sem eiga að koma AA til góða eigi að halda og stjórna sérstaklega og aðgreina þannig hið efnislega frá hinu andlega. AA-deild ætti aldrei að fara út í viðskipti sem slík. Klúbbar, sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem styðja við starf AA og ráða yfir miklum eignum eða útheimta mikla stjórnun, ættu að vera gerð að sérstökum fyrirtækjum sem þannig er gengið frá að AA-deildirnar geti óhindrað losað sig við þau ef þörf krefur. Þess vegna ættu slík fyrirtæki ekki að nota nafn AA-samtakanna. Stjórn þeirra ætti eingöngu að vera á ábyrgð þeirra sem styrkja þau fjárhagslega. Venjulega er talið æskilegt að AA-félagi sé í forsvari fyrir klúbbana. En sjúkrahús og aðrar heilsustofnanir ættu að vera vel aðgreindar frá AA-samtökunum – og vera undir læknisfræðilegri stjórn. Þótt AA-deildir geti átt samstarf við hvern sem er ætti slíkt samstarf aldrei að ganga það langt að verða, beint eða óbeint, aðildar- eða stuðningssamband. AA-deild getur ekki skuldbundið sig neinum.

Sjöunda – Allar AA-deildir ættu að standa á eigin fótum fjárhagslega með frjálsum framlögum eigin félaga. Okkur finnst að sérhver deild ætti að ná þessu marki sem fyrst og að hvers konar opinber hvatning til fjársöfnunar í nafni AA-samtakanna sé stórhættuleg. Hvort heldur sem um er að ræða AA-deildir, klúbba, sjúkrahús eða aðrar utanaðkomandi stofnanir, þá sé óviturlegt að þiggja hvers konar stórgjafir eða framlög sem fela í sér einhverjar kvaðir. Við lítum það einnig áhyggjuaugum ef gjaldkerar AA-deilda halda áfram að safna fé í ótilgreindum tilgangi og framyfir það sem skynsamlegt getur talist. Reynslan hefur oft sýnt okkur fram á að ekkert er jafn líklegt til að tortíma hinni andlegu arfleifð okkar og fánýtar deilur um eignir, fjármuni og yfirráð.

Áttunda – AA-samtökin ættu ætíð að vera samtök áhugamanna. Við skilgreinum atvinnumennsku sem launað starf við ráðgjöf fyrir alkóhólista. En við megum ráða alkóhólista til þjónustustarfa sem við yrðum annars að ráða í fólk sem ekki væri alkóhólistar. Slík þjónustustörf má greiða vel fyrir. En það á aldrei að greiða fyrir venjulega tólfasporsvinnu.

Níunda – Sérhver AA-deild ætti að vera skipulögð sem allra minnst. Best er að stjórn sé skipt út reglubundið. Litlar deildir geta valið sér ritara, stóru deildirnar nefnd sem skipt er út reglubundið, og deildir á stórum þéttbýlissvæðum velja miðnefnd eða svæðisþjónustunefndir sem oft hafa ritara í fullu starfi. Fjárhaldsmenn Aðalþjónustunefndarinnar (General Service Board) eru í rauninni aðalþjónustunefnd okkar allra. Þeir eru verndarar AA-arfleifðar okkar og það eru þeir sem taka á móti frjálsum AA-framlögum sem standa undir rekstri skrifstofu alþjóðaþjónustunefndarinnar í New York. Þeir hafa umboð frá deildunum til að sjá um allt sem lýtur að samskiptum okkar út á við og þeir ábyrgjast heilindi aðalfréttablaðs okkar, AA Grapevine. Allir slíkir fulltrúar ættu að láta anda þjónustu ráða för, því sannir leiðtogar í AA-samtökunum eru aðeins trúir og reyndir þjónar heildarinnar. Titlar þeirra fela ekki í sér nein eiginleg völd, þeir eiga ekki að stjórna. Almenn virðing er lykillinn að gagnsemi þeirra.

Tíunda – Engin AA-deild eða félagi ætti nokkurn tíma að láta í ljós skoðanir á utan- aðkomandi deilum þannig að það bendi AA-samtökin við málið – sérstaklega ekki deilur um stjórnsmál, umbætur í áfengismálum eða málefni sérstakra safnaða. AA-deildir lýsa sig ekki andsnúnar neinum málum. Í svona málum geta þær ekki lýst yfir neinni skoðun.

Ellefta – Samskipti okkar við almenning ættu að einkennast af persónulegri nafnleynd. Við teljum að AA-samtökin ættu að fordast æsikenndar kynningaradferðir. Nöfn okkar eða myndir af okkur ættu ekki að vera tengd við AA-samtökin, hvorki í útvarpi, kvikmyndum eða á prenti. Afstaða okkar út á við ætti að fylgja meginreglunni um aðlöðun fremur en áróður. Við þurfum aldrei að hrósa okkur sjálf. Við teljum betra að vinir okkar mæli með okkur.

Tólfta – Og að endingu, við í AA-samtökunum trúum því að meginreglan um nafnleynd hafi gífurlegt andlegt gildi. Hún minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag, að okkur beri að temja okkur sanna auðmjákt. Hún er til þess að þær ríkulegu gjafir, sem við höfum þegið, stígi okkur ekki til höfuðs, og til þess að við lifum alla tíð með þakklæti í huga til Hans sem ríkir yfir okkur öllum.

Eftirfarandi er LPR-samþykkt þýðing þjónustuhugtakanna fyrir Ísland.

1.4 Þjónustuhugtökin tólf fyrir Ísland

Bill W., annar af stofnendum AA-samtakanna, samdi þjónustuhugtökin tólf. Þau voru samþykkt af heimsþjónusturáðstefnu AA-samtakanna árið 1962. Þjónustuhugtökin endurspeglu uppbyggingu heimsþjónustu AA-samtakanna eins og hún birtist í sögu og reynslu samtakanna í árdaga þeirra. Hér er styttri útgáfa þjónustuhugtakanna í íslenski þýðingu. Þá hafa þau verið staðfærð þannig að þau endurspegli þjónustuuppbyggingu AA-samtakanna á Íslandi:

1. Endanleg ábyrgð og vald yfir landsþjónustu AA-samtakanna ætti ætíð að vera hluti af sameiginlegri samvisku samtakanna í heild sinni.
2. Landsþjónusturáðstefnan er, í öllum hagnýtum skilningi, orðin virk rödd og leiðandi samviska alls félagsskapar okkar í málum sem varða samtökin hér á landi.
3. Til að tryggja að þau sem gegna þjónustu í forystu geti náð árangri, ættum við að veita sérhverjum hluta AA-samtakanna hinn hefðbundna rétt til ákvarðanatöku (e. Right of Decision), þ.e. landsþjónusturáðstefnu, landsþjónustunefnd og þjónustueiningum hennar, starfsfólki, nefndum og þeim sem fara með framkvæmdavald.
4. Við ættum á öllum ábyrgðarstigum að heimila hinn hefðbundna rétt til þátttöku (e. Right of Participation) þannig að unnt sé að kjósa í skynsamlegu samræmi við þá ábyrgð sem hvert og eitt þarf að axla.
5. Í allri uppbyggingu samtaka okkar ætti hinn hefðbundni réttur til að áfrýja (e. Right of Appeal) að halda velli þannig að tryggt verði að hlustað sé á álit minnihluta og umkvartanir einstakra félaga séu vandlega ígrundaðar.
6. Landsþjónusturáðstefnan viðurkennir að meginfrumkvæði og virk ábyrgð á flestum málefnum er varða þjónustuna ætti að liggja hjá þeim fulltrúum ráðstefnunnar sem gegna hlutverki í Landsþjónustunefnd.
7. Stofnskrá og samþykktir um Landsþjónustunefnd eru lagaleg verkfæri sem veita nefndarmönnum umboð og framkvæmdavald til að fara með málefni landsþjónustu. Stofnskrá landsþjónusturáðstefnunnar er ekki lagalegt skjal og að hve miklu leyti unnt er að framfylgja henni ræðst af hefðum og fjárhag AA-samtakanna.

8. Fulltrúar Landsþjónustunefndar eru leiðandi í að skipuleggja og stýra heildarstefnu og fjármálum. Á þeirra forræði er eftirlit með mismunandi einingum þjónustunnar og það er framkvæmt með því að velja oddamenn þessara eininga.
9. Fyrir framtíð og öryggi samtakanna skiptir öllu máli að fólk sem sinnir þjónustu á öllum stigum geri það vel. Stofnendur AA-samtakanna gegndu í upphafi aðalforystuhlutverkinu en það hlutverk er nú í höndum fulltrúa landsþjónustunefndar.
10. Sérhverju ábyrgðarhlutverki í þjónustu ætti að fylgja samsvarandi vald í því þjónustuhlutverki og ætti valdsvið þess að vera vel skilgreint.
11. Fulltrúar Landsþjónustunefndar ættu ætíð að hafa bestu tiltæku nefndir, starfsfólk á skrifstofu, ráðgjafa og aðkeypta sérfræðiþjónustu. Samsetningu, hæfnikröfur, starfsþjálfun, réttindi og skyldur ætti ávallt að ígrunda vel.
12. Landsþjónusturáðstefnan skal vera í anda AA-arfleifðarinnar og gæta þess að hún verði ekki vettvangur fyrir hættulega söfnun auðs og valda, að nægt rekstrarfé og varasjóðir séu grundvallarreglan, að engum félagi séu færð óskilyrt völd yfir öðrum, allar mikilvægar ákvarðanir séu teknar með því að ræða málin, kjósa og hvenær sem gerlegt er séu ákvarðanir teknar með verulegum meirihluta, að aðgerðir séu aldrei refsandi fyrir einstakling né að sé kynt undir almennum ágreiningi, að aldrei séu gefnar út fyrirskipanir, og að hún sé alltaf lýðræðisleg í hugsun og gjörðum eins og samfélagið sem ráðstefnan þjónar.


Þessi þýðing og staðfæring þjónustuhugtakanna² var unnin í sameiginlegum vinnuhópi Landsþjónustunefndar og útgáfunefndar í febrúar 2024.

2 The A.A. Service Manual/Twelve Concepts for World Service (BM-31).

2. AA-samtökin á Íslandi

2.1 Uppbygging AA-samtakanna á Íslandi

Til að gæta jafnvægis milli framkvæmda og ákvarðana er æskilegt að stöðug samskipti séu milli allra stiga í þjónustufyrirkomulaginu. Á mynd 1 sést skipulag þjónustu AA-samtakanna á Íslandi.



Mynd 1: Uppbygging AA-samtakanna á Íslandi.

AA-félagar, AA-deildir og hverfis- og svæðisnefndir geta hvenær sem er leitað til skrifstofunnar og Landsþjónustunefndar.

2.2 Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar

Reynslan hefur sýnt okkur að eining er eitt af þeim grundvallaratriðum sem velferð AA-samtakanna byggir á. Því ættum við ætíð að leitast við að leiða öll mál til lykta með umræðum og málamíðlunum sem leiða til lausnar á grundvelli sameiginlegra hagsmuna okkar allra. Í þeim tilfellum þar sem ekki er hjá því komist að beita kosningum ætti að hafa kosningaaðferð þriðju arfleifðarinnar í huga.

Þriðja arfleifðin er sérstök aðferð við kosningar sem er aðallega notuð þegar valdir eru oddamenn hverfis-, svæðis- og þjónustunefnda og fulltrúar í nefnd. Þessi aðferð er talin einstök hjá AA-samtökunum og við fyrstu sýn virðist hún fela í sér mikið svigrúm fyrir tilviljun í málefnum þar sem dómgreind meirihlutans eigi að ráða. Reyndin hefur þó verið sú að þessi aðferð hefur dugað mjög vel til að draga úr áhrifum klofningsbrota eða hópa sem ávallt virðast vera fyrir hendi þar sem pólitík er. Smölun í þágu einhvers ákveðins frambjóðanda er mjög erfið, ef ekki óframkvæmanleg, vegna þess að mjög margir eru í framboði. Þá er ekki síður mikilvægt að sá sem hafnar í öðru sæti og kann að vera mjög hæfur, en hefur ekki notið mikils fylgis í upphafi ferlisins, er hvattur til að halda framboði sínu til streitu.³

Aðferð í anda þriðju arfleifðar er svona:

- Nöfn þeirra frambjóðenda sem koma til greina eru sett upp á töflu. Allir kosningabærir (í svæðis- eða hverfisnefnd, eða á ráðstefnu) kjósa. Þeir mega einungis skrifa eitt nafn á miðann. Atkvæði hvers frambjóðanda eru birt á töflunni.
- Sá frambjóðandi sem er fyrstur til að fá tvo þriðju hluta atkvæða er kjörinn.
- Eftir aðra umferð kosninganna byrja frambjóðendur að draga framboð sitt til baka. Ef einhver hefur minna en fimmtung (20%) atkvæða er hann sjálfkrafa úr leik – nema ef hann er með næstflest atkvæði (verða að vera tveir til að velja um). (Ef það er jafnt hjá þeim sem skipa annað sætið, þá halda báðir (eða fleiri) framboði sínu til streitu.)
- Eftir þriðju umferð eru þeir úr leik sem hafa minna en þriðjung atkvæða, nema sá (eða þeir) sem skipa annað sætið. (Ef það er jafnt hjá þeim sem skipa annað sætið, þá halda báðir (eða fleiri) framboði sínu til streitu.)
- Ef enginn er með tvo þriðju hluta atkvæða eftir fjórðu umferð er sá frambjóðandi, sem færst atkvæði hefur, sjálfkrafa úr leik, nema hann sé í öðru sæti. Ef það er jafnt hjá þeim sem skipa annað sætið halda báðir (eða fleiri) framboði sínu til streitu. Þegar hér er komið sögu, biður fundarstjóri um að fá að halda fimmtu umferð kosninga. Sé því hafnað eru nöfnin sett í hattinn og það nafn sem er dregið verður


3 The A.A. Service Manual, 2006-2007 edition, bls. S20-S21.

fyrir valinu. Ef tillagan er samþykkt, með einföldum meirihluta, þá fer fimmta umferð fram.

- Ef enginn er með tvo þriðju hluta eftir fimmtu umferð, er gripið til hattsins og dregið um það hver fær embættið. Þegar hér er komið sögu eru frambjóðendurnir tveir. Ef það er jafnt þá eru þeir sem eru jafnir allir með.
- Sá sem telur atkvæðin sér um að draga úr hattinum. Fyrsta nafnið úr hattinum er sá sem fær embættið sem kosið er um.

Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar

UMFERD



Mynd 2: Aðferð til kosninga í anda þriðju arfleifðar.

3. AA-deild

3.1 AA-deildin

Til að teljast AA-deild starfar deildin samkvæmt 12 erfiðavenjum AA-samtakanna.

3.2 Að vera í þjónustu

Að vera í þjónustu er það kallað þegar AA-félagi hefur verið kosinn af samvisku viðkomandi AA-deildar til að leysa af hendi ýmis þjónustustörf innan deildarinnar.

3.2.1 Þjónustunefnd

Þjónustunefnd er að jafnaði skipuð þremur eða fleiri AA-félögum, allt eftir stærð viðkomandi deildar. Þjónustunefndin leysir af hendi hin ýmsu störf innan deildarinnar. Einn nefndarmaður er t.d. ábyrgðarmaður eða deildarfulltrúi, annar gjaldkeri, þriðji ritari og fjórði þjónustumaður. Sameiginlega eða eftir nánara samkomulagi undirbúa nefndarmenn AA-fundi og taka til eftir þá.

3.2.2 Ábyrgðarmaður/deildarfulltrúi

Hver deild kýs hvort hún hefur starfandi ábyrgðarmann eða deildarfulltrúa. Hefð er fyrir stöðu ábyrgðarmanns í AA-samtökunum á Íslandi en í seinni tíð hefur færst í vöxt að deildarfulltrúi (General Service Representative, G.S.R.)⁴ sinni þessu starfi. Við val á ábyrgðarmanni og/eða deildarfulltrúa ber að hafa í huga að æskilegt er að þeir sem sitja Landsþjónusturáðstefnuna hafi a.m.k. þriggja ára samfellda edrúmennsku, samanber kalla 6.1.

3.2.2.1 Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður heldur utan um starf viðkomandi AA-deildar í samvinnu við aðra í þjónustunefndinni. Hann sér um að þjónustunefndin sé fullmönnuð og að AA-bækur og AA-bæklingar séu ætíð fyrir hendi.

Hann er tengiliður við skrifstofu AA-samtakanna og svæðisnefnd og situr Landsþjónusturáðstefnuna fyrir hönd deildarinnar ef deildarfulltrúi er fjarverandi.

Hann tekur á móti pósti frá AA-samtökunum og kynnir fyrir deildinni. Æskilegt er að kjörgengir sem ábyrgðarmenn séu þeir AA-félagar sem hafa a.m.k. tveggja ára samfellda edrúmennsku.

4 The A.A. Service Manual, 2006-2007 edition, bls: S24 - S25.

3.2.2.2 Deildarfulltrúi

Deildarfulltrúi AA-deildar er tengiliður deildarinnar við AA-samtökin. „Hann er rödd samvisku deildarinnar, hvort sem er á fundum hverfis- og/eða svæðisnefnda. Æskilegt er að hann sé fulltrúi deildar á Landsþjónusturáðstefnunni.“

Hann kynnir sér 12 erfdavenjur og 12 hugtök AA-samtakanna, t.d. með lestri bóka og bæklinga sem snúa að AA-deildinni, erfdavenjunum og hugtökunum.

Hann flytur heimadeild sinni upplýsingar um það sem er að gerast í starfi AA-samtakanna, sem byggir á **Einingu, Bata og Þjónustu**.

Hann tekur við pósti frá AA-samtökunum og kynnir fyrir deildinni. Hann kynnir deildinni AA-bækur, AA-hljóðbækur og AA-bæklinga sem útgáfunefnd AA-samtakanna gefur út og fást á skrifstofu AA-samtakanna.

Með því að velja hæfasta einstaklinginn sem deildarfulltrúa getur viðkomandi deild lagt sitt af mörkum til að tryggja eigin framtíð og framtíð AA-samtakanna.

Æskilegt er að kjörgengir sem deildarfulltrúar séu þeir AA-félagar sem hafa a.m.k. tveggja ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir deildina og/eða AA-samtökin. Æskilegt er að deildarfulltrúi gegni ekki starfinu lengur en í tvö ár samfelld.

3.2.3 Gjaldkeri

Gjaldkeri heldur utan um fjármál viðkomandi AA-deildar. Hann stofnar banka-reikning og færir einfalt bókhald. Hann safnar saman því sem kemur í pottinn á fundum, greiðir t.d. húsaleigu, kaffi og þess háttar, AA-bækur, AA-bæklinga, framlög til Landsþjónustunefndar, hverfis- og svæðisnefnda, sem og annan kostnað við starfsemina.

4. Fjármál

Starfi AA-samtakanna hefur ætíð fylgt kostnaður og má þar nefna t.d. að kaupa kaffi, borga húsaleigu eða standa undir rekstri AA-skrifstofunnar. Undir þessum kostnaði hefur verið staðið með samskotum til þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði deilda og samtakanna í heild.

4.1 Peningar skipta máli

Peningar sem safnast í pottinn á fundum eru notaðir til reksturs viðkomandi deildar. Peningar sem umfram eru nýtast til þess að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna, samanber:

Til þess að styðja nauðsynlega þjónustu AA-samtakanna leggur landsþjónusturáðstefnan til að hver deild setji upp greiðsluáætlun í samræmi við upplýsta samvisku sína og eftir því sem hentar viðkomandi deild. Þegar deildin hefur greitt fyrir rekstur (leigu, kaffi, AA-lesefni, fundarskrár og fleira) og komið hefur verið upp varasjóði til að mæta óvæntum kostnaði (sjá nánar um varasjóð hér að neðan), getur deildin ákveðið að flytja boðskapinn áfram með því að senda peninga til eftirtaldra þjónustueininga AA-samtakanna.⁵

Þjónustueiningar AA-samtakanna á Íslandi eru tvær. Mikilvægt er að styðja Landsþjónustunefnd, sem sér um rekstur AA-skrifstofunnar og útgáfu AA tengds efnis í gegnum útgáfunefnd. Einnig er unnt að greiða inn á reikning hverfis- eða svæðisnefnda, sem er svæðisbundinn samstarfsvettvangur AA-deilda. Margar deildir láta einnig fé af hendi rakna til samstarfsnefnda⁶ þar sem þær eru starfandi. Reynst hefur vel að deildir geri upp fjárhaginn í lok hvers mánaðar og skipta tekjum umfram rekstur á ofangreinda aðila, t.d. 80% til Landsþjónustunefndar, 10% til hverfisnefnda og 10% til samstarfsnefnda.

⁵ Fjárhagslegt sjálfstæði: Þar sem peningar og andlegt líf mætast, bls. 7.

⁶ Staðbundnar samstarfsnefndir eru 4 í dag og er Samstarfsnefnd AA-deilda á Stór-Reykjavíkursvæðinu (SAAS) þeirra stærst, sjá <http://www.saas.is>

Eins og Bill W. orðaði það árið 1957: Andlegri lífsstefnu okkar er haldið til haga fyrir komandi kynslóðir ef við, sem samtök, stöndumst þá freistingu að taka við fjármunum að utan. En þetta viðhorf leggur okkur skyldur á herðar, skyldur sem hver félagi verður að skilja. Við megum ekki vera nísk þegar gjaldkeri deildarinnar lætur pottinn ganga. Deildirnar okkar, hverfis- og svæðisnefndir og AA-samtökin í heild, geta ekki starfað nema þjónustan sé fullnægjandi og reikningar greiddir.

Þegar við stöndumst þá freistingu að taka við stórum gjöfum erum við einungis að sýna skynsemi. Þegar við erum rausnarleg við pottinn sýnum við þakklæti fyrir þá blessun sem okkur hefur hlotnast og sýnum í verki að við viljum veita þeim sem enn þjást hlutdeild í því sem við höfum öðlast.⁷

4.2 Hvað er hæfilegur varasjóður?

Æskilegt er að hver AA-deild, hverfis- og svæðisnefnd eigi ekki meiri varasjóð en sem nemur þriggja mánaða rekstri. Æskilegt er að Landsþjónustunefnd eigi varasjóð sem nemur a.m.k. eins árs rekstri.

Vísað er til 4. erfðavenjunnar um að deildir/nefndir séu sjálfráða og geti því sjálfar sett sér starfsreglur um fjármál.

⁷ Fjárhagslegt sjálfstæði: Þar sem peningar og andlegt líf mætast, bls. 5.

5. Nefndir og oddamaður

5.1 Hverfis- og svæðisnefndir

Hverfis- og/eða svæðisnefnd samanstendur af 5–20 AA-deildum. Í þéttbýli eru hverfisnefndir en í dreifbýli eru svæðisnefndir.⁸ Á hverfis- og svæðisnefndafundum hittast kjörnir deildarfulltrúar og ræða sameiginleg málefni deildanna innan viðkomandi hverfis eða svæðis.

Megintilgangur hverfis- og svæðisnefnda er að vera umræðugrundvöllur og svæðisbundin samvíska AA-deilda. Ályktanir hverfis- og svæðisnefnda endurspeгла skoðanir deildanna sem mynda hverfið og/eða svæðið og eru þannig þáttur í samvisku AA-samtakanna sem fram kemur í ályktunum Landsþjónusturáðstefnunnar.⁹

5.1.1 Oddamaður

Hver hverfis- og svæðisnefnd kys sér oddamann úr hópi deildarfulltrúa sem starfar í tvö ár í senn. Oddamaður nefndarinnar starfar þá ekki lengur sem deildarfulltrúi sinnar heimadeildar, heldur sinnir eingöngu starfi oddamanns. Æskilegt er að kjörgengir sem oddamenn hafi a.m.k. þriggja ára samfellda edrúmennsku. Oddamenn hverfis- og svæðisnefnda mæta á Landsþjónusturáðstefnu sem fulltrúar viðkomandi hverfis- og svæðisnefnda.

8 Það landsvæði sem hverfi tekur yfir er mjög mismunandi eftir þéttleika deilda. Þannig getur eitt þjónustuverfi verið myndað af öllum deildum í einu klúbbhúsi á þéttbýlisstöðum eða öllum deildum á stóru landsvæði í dreifbýli.

9 Frekari upplýsingar um hverfisnefnd á www.hverfisnefndaa.is

5.2 Tillaga að fundarformi hverfis- og svæðisnefnda

Dagskrá fundar:

- 1 Þögn og æðruleysisbæn
- 2 Kynning deildarfulltrúa
- 3 Kynning á hugtökum og Þjónustuhandbók
- 4 Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
- 5 Skýrslur þjóna svæðisnefndar (oddamaður, gjaldkeri og ritari)
- 6 Skýrslur nefnda
- 7 Sérstakir gestir
- 8 Skýrslur deilda
- 9 Gömul mál
- 10 Ný mál
- 11 AA-tilkynningar
- 12 Slitið með æðruleysisbæn

6. Hin árlega landsþjónusturáðstefna

6.1 Landsþjónusturáðstefna

Um miðjan maí ár hvert er kölluð saman landsþjónusturáðstefna þar sem málefni AA-samtakanna eru rædd.

Rétt til setu eiga þeir sem sitja í Landsþjónustunefnd, þeir sem kjörnefnd hefur tilnefnt til setu í LPN, oddvitar allra nefnda, starfsmaður skrifstofu, ábyrgðarmenn og deildarfulltrúar allra AA-deilda, og einn fulltrúi frá hverri samstarfsnefnd.¹⁰ Oddamönnum LPN síðustu fimm ára er boðið að sitja LPR en hafa ekki atkvæðisrétt.

Reynslan hefur sýnt að þeir sem eru hæfastir til starfa á Landsþjónusturáðstefnunni hafa a.m.k. þriggja ára samfellda eðrúmennsku, auk þess að hafa haldgóða þekkingu á uppbyggingu og starfsemi AA-samtakanna. Á ráðstefnunni leggur Landsþjónustunefnd fram skýrslu um störf sín frá liðnu ári og reikninga starfsársins (sem er frá 1. maí til 30. apríl). Einnig eru lagðir fram ársreikningar AA-útgefunnar sem eru fyrir almanaksárið.

Ráðstefnan samþykkir eða synjar, með meirihluta atkvæða tilnefningum kjörnefndar um setu nýrra fulltrúa í Landsþjónustunefnd.

Ráðstefnan kys fulltrúa í kjörnefnd, millipinganefnd ef þörf er á, upplýsinganefnd, ráðstefnuupplýsinganefnd og í ráðstefnuvefnefnd. Rituð er fundargerð ráðstefunnar og er hún birt á vefsíðu AA-samtakanna (www.aa.is).

6.1.1 Ráðstefnuupplýsinganefnd

Ráðstefnuupplýsinganefnd er ætlað að fara yfir og kynna þjónustuhandbækur upplýsinganefnda, þar sem lögð er áhersla á erfðavenjurnar. Nefndin ræðir leiðir til að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap AA-samtakanna. Í nefndinni sitja 10 fulltrúar, tveir sem upplýsinganefnd skipar, einn sem vefnefnd skipar, fimm frá hverfis- og svæðisnefndum og tveir sem kosnir voru á Landsþjónusturáðstefnunni árinu áður. Enginn AA-félagi má sitja lengur í ráðstefnuupplýsinganefnd en tvö ár samfellt. Ráðstefnuupplýsinganefnd er skipuð á Landsþjónusturáðstefnu og starf hennar kynnt á næstu Landsþjónusturáðstefnu. Fulltrúar upplýsinganefndar LPN skipuleggja starf ráðstefnuupplýsinganefndar.

6.1.2 Ráðstefnuvefnefnd

Ráðstefnuvefnefnd er ætlað að fara yfir heimasíðu AA-samtakanna (www.aa.is)

¹⁰ Staðbundnar samstarfsnefndir eru fimm í dag og er Samstarfsnefnd AA-deilda á Stór-Reykjavíkursvæðinu (SAAS) þeirra stærst, sjá <http://www.saas.is>

með það að leiðarljósi að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna. Í nefndinni sitja fimm fulltrúar, einn sem upplýsinganefnd skipar, tveir sem vefnefnd skipar og tveir sem kosnir voru á Landsþjónusturádstefnunni árinu áður. Enginn AA-félagi má sitja lengur í ráðstefnuvefnefnd en tvö ár samfelld. Ráðstefnuvefnefnd er skipuð á Landsþjónusturádstefnu og starf hennar kynnt á næstu Landsþjónusturádstefnu.

6.2 Tillögur frá deildum

Öllum deildum sem eru á skrá hjá skrifstofu AA-samtakanna á Íslandi er boðið að senda inn tillögur til Landsþjónustunefndar til umfjöllunar á landsþjónusturádstefnu. Skrifstofan sendir út bréf til allra deilda að lokinni landsþjónusturádstefnu ár hvert og óskar eftir tillögum frá þeim er varða AA-starf í anda erfðavenja AA-samtakanna. Ennfremur sendir skrifstofa áminningu til deilda eftir fyrsta haustfund Landsþjónustunefndar, sem er á dagskrá í september.

Tillögum ber að skila til AA-skrifstofunnar bréfleiðis eða á rafrænu formi eigi síðar en 15. nóvember. Landsþjónustunefnd tekur allar tillögur til skoðunar og ákveður hverjar þeirra eigi erindi á landsþjónusturádstefnu.

Í janúar sendir skrifstofa bréf til allra deilda með þeim tillögum sem teknar verða fyrir á komandi ráðstefnu. Þannig geta deildir tekið tillögur fyrir á samviskufundi, eða fundum, og í kjölfarið sent fulltrúa sinn með upplýsta samvisku deildarinnar þegar greidd eru atkvæði um þær tillögur sem til umfjöllunar eru á landsþjónusturádstefnu.

6.3 Kjörnefnd

Hlutverk kjörnefndar landsþjónustu er að tilnefna fulltrúa til setu í landsþjónustunefnd í stað þeirra sem víkja úr nefndinni. Áður skal öllum AA-deildum gefinn kostur á að tilnefna einn fulltrúa og þurfa tilnefningar að hafa borist til skrifstofunnar fyrir 1. mars ár hvert. Tilnefningar kjörnefndar munu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Kjörnefnd lýkur störfum þegar tilnefningar hennar hafa verið afgreiddar á Landsþjónusturádstefnunni.

6.3.1 Hverjir sitja í kjörnefnd?

Í kjörnefnd sitja sjö fulltrúar, sex AA-félagar og einn ei-alki. Landsþjónustunefnd skipar tvo og ei-alkann, og einn þeirra er oddviti nefndarinnar. Landsþjónusturádstefnan kys fjóra fulltrúa. Fulltrúar í kjörnefnd eru tilnefndir árlega til eins árs í senn. Enginn kjörnefndarmaður má tilnefna sjálfan sig. Enginn getur setið lengur í kjörnefnd en fjögur ár samfelld. Kjörgengir eru AA-félagar sem hafa a.m.k. fimm ára samfellda edrúmennsku og verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin, svo og ei-alkar sem sitja eða hafa setið í Landsþjónustunefnd.

6.4 Millipinganevnd

Á Landsþjónusturáðstefnu getur meirihluti ráðstefnugesta sett á laggirnar millipinganevnd. Millipinganevnd starfar þar með í umboði ráðstefnunnar. Meirihluti ráðstefnugesta getur vísað til millipinganevndar sérstökum málum sem ekki heyra undir störf Landsþjónustunefndar eða annarra nefnda sem undir hana heyra. Millipinganevnd gerir síðan grein fyrir málsniðurstöðum á næstu Landsþjónusturáðstefnu á eftir og lýkur þar með störfum.

6.4.1 Hverjir sitja í millipinganevnd?

Í millipinganevnd sitja sjö fulltrúar. Landsþjónusturáðstefnan kýs fjóra og landsþjónustunefnd skipar þrjá. Kjörgengir til setu í millipinganevnd eru AA-félagar sem hafa víðtæka þekkingu á uppbyggingu AA-samtakanna, 12 erfðavenjum og 12 hugtökum samtakanna, hafa verið virkir í starfi fyrir samtökin og hafa a. m. k. fimm ára samfellda edrúmennsku svo og ei-alkar sem sitja eða hafa áður þjónað í Landsþjónustunefnd. Fulltrúar sem LPN skipar í millipinganevnd boða fyrsta fund hennar.

7. Landsþjónustunefnd og undirnefndir

7.1 Landsþjónustunefnd

Hlutverk Landsþjónustunefndar (LPN) er eftirfarandi:

- Standa vörð um erfðavenjur, hugtök og reynsluspor AA-samtakanna.
- Hafa umsjón með eigum AA-samtakanna.
- Reka skrifstofu í Reykjavík.
- Skipa nefndir sem sinna sérstöfum verkefnum innan AA-samtakanna.
- Kalla saman og undirbúa Landsþjónusturáðstefnu.

7.1.1 Hve margir sitja í nefndinni?

Í Landsþjónustunefnd sitja 12 fulltrúar, níu aðalmenn og þrír varamenn. Einn af aðalmönnum skal vera öldungur og þrír skulu vera ei-alkar. Aðalmaður er kosinn til tveggja ára og má tilnefna hann að nýju sem aðalman til tveggja ára. Varamaður er kosinn til eins árs og má ekki tilnefna hann að nýju sem varamann. Öldungur er AA-félagi sem áður hefur setið sem aðalmaður í Landsþjónustunefnd. Öldungur er kosinn sem aðalmaður í tvö ár og má ekki tilnefna hann að nýju. Ei-alkar sitja í eitt ár í senn. Þá má tilnefna að nýju ef þeir gefa kost á því. Enginn AA-félagi má sitja lengur en fjögur ár samfellt sem aðalmaður, enginn lengur en fimm ár samfellt sem varamaður og aðalmaður, og enginn lengur en sjö ár sem varamaður, aðalmaður og öldungur. *Æskulegt er að ei-alki sitji ekki lengur en níu ár.*

Á fyrsta fundi nýskipaðrar Landsþjónustunefndar skiptir nefndin með sér verkum, kys oddvita, gjaldkera og ritara úr sínum hópi.

7.1.2 Hverjir sitja í Landsþjónustunefnd?

Kjörgengir fulltrúar til setu í Landsþjónustunefnd eru AA-félagar sem hafa a.m.k. fimm ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin. Kjörgengir ei-alkar eru einstaklingar sem eru vinveittir AA-samtökunum.

7.1.3 Nýr fulltrúi í Landsþjónustunefnd

Áhersla er lögð á að fulltrúi sem kjörnefnd hefur tilnefnt til setu í Landsþjónustunefnd sitji Landsþjónusturáðstefnuna, og þar ber honum að kynna sig.

7.1.4 Ei-alkar í Landsþjónustunefnd.

Í Landsþjónustunefnd sitja hverju sinni 3 ei-alkar. Ei-alkar eru vinveittir AA-samtökunum sem eru ekki alkóhólistar og eru valin vegna faglegrar reynslu sinnar og þekkingar á AA-samtökunum. Ei-alkar eru uppspretta visku og gefa LÞN annað sjónarhorn sem mögulega væri ekki til staðar innan AA. Þar sem ei-alkar þurfa ekki að gæta nafnleyndar geta þau komið fram á opinberum vettvangi ef þörf krefur fyrir hönd AA. Það sem valnefnd¹¹ leitar eftir þegar ei-alkar eru teknir inn í LÞN er að kandidatar hafi almennt gott mannorð, hafi starfað af farsæld og heilindum í sínu fagi, hafi sýnt áhuga á AA, reynslu af því að vinna með AA og félögum samtakanna, leiðtoga hæfileika og tíma til að geta sinnt sjálfbodavinnu fyrir AA-samtökin. LÞN leitast við að hafa innan sinnar raða ei-alka með víðtæka reynslu úr samfélaginu og hafa þau komið m.a. úr stéttum heilbrigðisstarfsfólks, presta, kennara o.s.frv. Engin sérstök ákvæði eru um hæfileika, reynslu eða menntun ei-alka önnur en þau að ei-alkar séu ekki og hafi aldrei verið haldin sjúkdómnum alkóhólisma. Ennfremur að þau hafi mikla trú á bataleiðinni sem AA-samtökin eru byggð á. Ætlast er til að ei-alkar sitji fundi LÞN og sækji hina árlegu Landsþjónusturáðstefnu hið minnsta. Önnur trúnaðarstörf, svo sem seta í undirnefndum, störf milli funda og annað geta fallið í hlut ei-alka.

7.2 AA-útgáfan

AA-útgáfan er ævarandi eign AA-samtakanna á Íslandi. Útgáfunefnd rekur AA-útgáfuna og er hún undirnefnd Landsþjónustunefndar, sem er handhafi útgáfuleyfa í samræmi við skilyrði US/Canada Conference Charter.

Hlutverk útgáfunnar er eftirfarandi:

- Að annast þýðingar á AA-efni með það að markmiði að bataleið samtakanna komist sem best til skila.
- Að halda utan um útgáfu og dreifingu alls samþykktar AA-lesefnis á Íslandi í hvaða formi sem það birtist, en það á bæði við um samþykktar þýðingar sem og Landsþjónusturáðstefnu-samþykkt efni hér heima á Íslandi.

11 Valnefnd ei-alka samanstendur af öllum ei-ölkum LÞN, ásamt oddamanni LÞN og oddamanni AA-útgáfunnar.

- Að halda utan um og tryggja höfundar- og útgáfurétt fyrir hönd AA-samtakanna á Íslandi.
- Að hafa umsjón með rekstri og eignum AA-útgáfunnar.

Útgáfunefnd hefur ætíð hagsmuni AA-samtakanna að leiðarljósi við þjónustustörf sín.

7.2.1 Hverjir sitja í AA-útgáfunni?

Í AA-útgáfunni sitja fimm fulltrúar sem Landsþjónustunefnd skipar og er hver þeirra kosinn til þriggja ára. Enginn AA-félagi má sitja lengur en 6 ár. Kjörgengir fulltrúar eru AA-félagar sem hafa a.m.k. 10 ára samfellda edrúmennsku, hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin og æskilegt þykir að þeir hafi reynslu af rekstri fyrir-tækja og/eða útgáfumálum, en það er þó ekki skilyrði.

7.3 Skrifstofunefnd

Hlutverk skrifstofunefndar er að aðstoða starfsmann skrifstofunnar í sumarfríu Landsþjónustunefndar við ákvarðanatöku í málum sem snerta AA-samtökin og rekstur skrifstofunnar. Í skrifstofunefnd sitja fjórir fulltrúar, þar á meðal oddviti og gjaldkeri Landsþjónustunefndar, einn frá AA-útgáfunni og einn sem Landsþjónustunefndin skipar.

7.4 Skrifstofan

Skrifstofa AA-samtakanna er þjónustu- og samskiptamiðstöð fyrir AA-félaga, AA-deildir, hverfis- og svæðisnefndir og almenning. Framlög AA-deilda og AA-útgáfu til Landsþjónustunefndar standa undir rekstri skrifstofunnar.

Skrifstofan annast dreifingu og sölu AA-bóka og AA-bæklinga og færir bókhald Landsþjónustunefndar og AA-útgáfunnar. Skrifstofan gefur reglulega út endurskoðaða fundaskrá á pappír og á vefsíðu AA-samtakanna (www.aa.is).

Skrifstofan leitast við að halda skrá yfir ábyrgðarmenn og deildarfulltrúa allra AA-deilda. Skrifstofan er tengiliður AA-félaga og AA-deilda við Landsþjónustunefnd. Skrifstofan er til húsa að Tjarnargötu 20, 101 Reykjavík, sjá nánari upplýsingar á www.aa.is.

7.5 Upplýsinganefnd

Upplýsinganefnd er undirnefnd Landsþjónustunefndar. Hlutverk upplýsinganefndar er að styðja staðbundnar upplýsinganefndir í starfi þeirra, miðla þeim reynslu og leiðbeina með tilliti til erfðavenja. Þetta felur m.a. í sér að útvega þeim upplýsinga efni til dreifingar, þar sem það á við. Fyrir utan Upplýsinganefnd LPN starfa staðbundnar upplýsinganefndir, sem eru skipaðar af samstarfsnefndum og/ eða hverfis- og svæðisnefndum til þess að mynda og halda tengslum við fagfólk á staðnum (heilsugæslulækna, sjúkrahúslækna, presta, löggæslu, stjórnendur skóla o.s.frv.) og stjórnendur stórra vinnustaða.

Oddamenn staðbundinna upplýsinganefnda starfa í nánú samstarfi við upplýsinganefnd LPN.

7.5.1 Hverjir sitja í upplýsinganefnd?

Í upplýsinganefnd sitja sjö fulltrúar, tveir sem Landsþjónustunefnd skipar og er annar þeirra ei-alki og sjá þeir um að viðhalda góðum tengslum milli upplýsinganefndar og LPN og greitt flæði upplýsinga milli nefndanna. Einn sem er skipaður af AA-útgáfunni, fjórir sem kosnir eru á Landsþjónusturáðstefnu, og skal árlega kjósa tvo fulltrúa til tveggja ára í senn. Enginn AA-félagi má sitja lengur í upplýsinganefnd en fjögur ár samfelld.

Æskilegt er að kjörgengir fulltrúar til setu í upplýsinganefnd séu AA-félagar sem hafa a.m.k. fimm ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin, svo og ei-alkar sem sitja eða hafa áður þjónað í Landsþjónustunefnd. Upplýsinganefnd skipar tvo úr sínum hópi til að sitja í ráðstefnuupplýsinganefnd og skipuleggur störf þeirrar nefndar frekar.

7.5.2 Starfsemi upplýsinganefndar

Nefndin fær til ráðstöfunar nokkuð magn AA-bæklinga til dreifingar, bæði fyrir sjálfa sig og til þess að úthluta staðbundnum upplýsinganefndum er þess þurfa. Upplýsinganefnd LPN heldur reglulega vinnufundi með oddamönnum staðbundinna upplýsinganefnda og áhugasömum sjálfboðaliðum a.m.k. einu sinni á ári, t.d. í tengslum við árlega þjónusturáðstefnu. Þar er farið yfir mikilvæg atriði þjónustuhandbókar Upplýsinganefndar svo sem að leggja áherslu á erfðavenju nafnleynar og beita aðlöðun en ekki áróðri í kynningarstarfinu. Jafnframt eru ræddar hinar ýmsu leiðir til að uppfylla fimmtu erfðavenjuna og flytja alkóhólistum, sem enn þjást, boðskap samtakanna. Skoðað er hvaða tækifæri er hægt að nýta til þess á hverjum stað og hvernig. Öllum meiriháttar tækifærum til kynningar AA í fjölmiðlum er vísað til upplýsingarnefndar LPN, þannig að hún geti tekið afstöðu til þeirra, fyrst og fremst með það fyrir augum að koma í veg fyrir nafnleynarbrott

og áróður og að boðskapur AA-samtakanna sé afluttur. Upplýsinganefnd LPN og Landsþjónustunefnd verða í sameiningu að taka ákvarðanir um alla kynningarstarfsemi, sem felur í sér verulegan kostnað fyrir AA-samtökin.

7.6 Vefnefnd

Vefnefnd er undirnefnd Landsþjónustunefndar. Hlutverk vefnefndar er að standa vörð um heimasíðu AA-samtakanna (www.aa.is) og aðstoða Landsþjónustunefnd og útgáfunefnd við að koma efni inn á heimasíðuna. Vefnefnd ber ábyrgð á að efni sem sett er á heimasíðuna sé viðurkennt AA-efni. Allar ákvarðanir um birtingu á útgefnu efni á vefsíðu AA-samtakanna skal bera undir útgáfunefnd.

7.6.1 Hverjir sitja í vefnefnd?

Í vefnefnd sitja þrjú fulltrúar, tveir sem Landsþjónustunefnd skipar og einn sem útgáfunefnd skipar. Starfsmaður skrifstofu vinnur með nefndinni. Nefndarmenn eru skipaðir til tveggja ára í senn. Enginn AA-félagi má sitja lengur í vefnefnd en fjögur ár samfellt. Æskilegt er að kjörgengir fulltrúar til setu í vefnefnd séu AA-félagar sem hafa a.m.k. fimm ára samfellda edrúmennsku og hafa verið virkir í starfi fyrir AA-samtökin, svo og ei-alkar sem sitja eða hafa áður þjónað í Landsþjónustunefnd. Vefnefnd skipar tvo fulltrúa úr sínum hópi til að sitja í ráðstefnuvefnefnd og skipuleggur störf þeirrar nefndar frekar.

A Viðauki

A.1 Tólf reynsluspor AA

Hér eru sporin sem við stigum og bendum á sem leið til bata:

1. Við viðurkenndum vanmátt okkar gagnvart áfengi og að við gætum ekki lengur stjórnað eigin lífi.
2. Við fórum að trúa að máttur okkur æðri gæti gert okkur andlega heilbrigð að nýju.
3. Við tókum þá ákvörðun að fela líf okkar og vilja umsjá Guðs, *samkvæmt skilningi okkar á honum*.
4. Við gerðum rækilega og óttalaust siðferðileg reikningsskil í lífi okkar.
5. Við játuðum misgjörðir okkar fyrir Guði, sjálfum okkur og annarri manneskju og nákvæmlega hvað í þeim fólst.
6. Við vorum þess albúin að láta Guð fjarlægja alla skapgerðarrestina.
7. Við báðum Guð í audmýkt að losa okkur við restina.
8. Við skráðum misgjörðir okkar gagnvart náunganum og urðum fús til að bæta fyrir þær.
9. Við bættum fyrir brot okkar milliliðalaust svo framarlega sem það særði engan.
10. Við iðkuðum stöðuga sjálfsrannsókn og þegar út af bar viðurkenndum við yfir sjónir okkar umsvifalaust.
11. Við leitumst við með bæn og hugleiðslu að styrkja vitundarsamband okkar við Guð, *samkvæmt skilningi okkar á honum*, og báðum um það eitt að vita vilja hans og hafa mátt til að framkvæma hann.
12. Við urðum fyrir andlegri vakningu er við stigum þessi spor og reynum að flytja öðrum alkóhólistum þennan boðskap og fylgja þessum meginreglum í lífi okkar og starfi.

B Viðauki

B.1 Tólf erfðavenjur AA (styttri útgáfa)

1. Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins er undir einingu AA-samtakanna kominn.
2. Í málum deilda er aðeins einn leiðtogi, kærleiksríkur Guð eins og hann birtist í samvisku hvers hóps. Forsvarsmenn okkar eru aðeins þjónar sem við treystum en ekki stjórnendur.
3. Til þess að gerast AA-félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka.
4. Sérhver AA-deild ætti að vera sjálfstæð nema í málum er varða aðrar deildir eða AA-samtökin í heild.
5. Sérhver AA-deild hefur aðeins eitt meginmarkmið: Að flytja alkóhólistum sem enn þjást boðskap samtakanna.
6. AA-deild ætti aldrei að ljá öðrum samtökum eða málstað nafn sitt, fjármagn eða fylgi svo lausafé, eignir eða upphæfð fjarlægi okkur ekki upphaflegum tilgangi.
7. Sérhver AA-deild ætti að standa á eigin fótum og hafna utanaðkomandi fjárhagsaðstoð.
8. Félagar í AA-samtökunum eru ætíð einungis áhugamenn, en þjónustustöðvar okkar mega ráða launað starfsfólk.
9. AA-samtökin sem slík ætti aldrei að skipuleggja en við getum myndað þjónustunefndir og ráð sem eru ábyrg gagnvart þeim sem þau starfa fyrir.
10. AA-samtökin taka ekki afstöðu til annarra mála en sinna eigin. Nafni þeirra ætti því að halda utan við deilur og dægurþras.
11. Afstaða okkar út á við byggist fyrst og fremst á aðlöðun en ekki áróðri. Í fjölmiðlum ættum við alltaf að gæta nafnleyndar.
12. Nafnleyndin er hinn andlegi grundvöllur allra erfðavenja okkar og minnir okkur á að setja málefni og markmið ofar eigin hag.

Eftirfarandi er WSO-samþykkt þýðing þjónustuhugtakanna.

C Viðauki

C.1 Tólf þjónustuhugtök fyrir heimspjónustu AA (styttri útgáfa)

1. Endanleg ábyrgð og lokaumboð fyrir heimspjónustu AA ætti ávallt að liggja hjá sameiginlegri samvisku samtakanna í heild sinni.
2. Í heimspjónustumálefnum hefur Allsherjarþjónusturáðstefna AA að flestöllu leyti orðið hin raunverulega rödd og hin virka samvíska félagsskapar okkar í heild sinni.
3. Til að tryggja árangursríka forystu, ættum við að ánafna hverri einingu AA-samtakanna hefðbundnum rétti til ákvarðanatöku, þar með talið: ráðstefnunni, Allsherjarþjónustunefndinni og hinum mismunandi þjónustusviðum hennar, starfsfólki, nefndum og forsvarsmönnum framkvæmda.
4. Á hverju ábyrgðarsviði ættum við að viðhalda hefðbundnum rétti til þátttöku og veita kosningarétt í sanngjörnu hlutfalli við þá ábyrgð sem hvert og eitt ber.
5. Hefðbundinn réttur til áfrýjunar ætti að ríkja í gjörvöllu skipulagi heimspjónustu okkar og þannig tryggja að skoðanir minnihlutans heyrast og að beiðnir um úrbætur í persónulegum umkvörtunarefnum séu vandlega skoðaðar.
6. Ráðstefnan viðurkennir að meginfrumkvæði og virk ábyrgð á flestum málefnum heimspjónustunnar ættu að vera í höndum þeirra nefndarmanna ráðstefnunnar sem í sameiningu gegna hlutverki Allsherjarþjónustunefndar.
7. Stofnskrá og samþykktir Allsherjarþjónustunefndarinnar eru lagaleg skjöl sem gefa nefndarmönnum fullt umboð til að sjá um og veita forystu málefnum heimspjónustunnar. Stofnskrá þjónusturáðstefnunnar er ekki lagalegt skjal heldur reiðir hún sig á hefðir og AA-pyngjuna til að tryggja skilvirkni.
8. Nefndarmenn Allsherjarþjónustunefndarinnar eru aðalskipuleggjendur og leiða stærri málefni er varða heildarstefnu og fjármál. Þeir fara með forsjá og hafa eftirlit með hinum sívirku og aðskildu sjálfstæðu þjónustueiningum, og gera það með getu sinni til að velja alla formenn þeirra.
9. Á öllum stígum eru góðir þjónustuleiðtogar, ásamt skynsamlegum og viðeigandi aðferðum til að velja þá, ómissandi fyrir starfsemi okkar og velferð í framtíðinni. Nefndarmenn í Allsherjarþjónustunefndinni taka óhjákvæmilega að sér aðalforystu heimspjónustunnar sem áður var í höndum stofnenda AA-samtakanna.

10. Í þjónustu okkar ætti hverri ábyrgð að fylgja samsvarandi vald. Umfang slíks valds ætti ávallt að vera vel skilgreint.
11. Nefndar meðlimirnir ættu ávallt að njóta fulltingis bestu mögulegu nefnda, þjónustuaðila, formanna, starfsmanna og ráðgjafa. Samsetning og persónulegt hæfi þeirra sem og aðferðin við val þeirra mun ávallt krefjast alvarlegrar og vandlegrar íhugunar.
12. Ráðstefnan starfar í anda erfðavenja AA og leggur sig vandlega fram við að koma í veg fyrir að hún verði aðsetur skaðlegs valds eða auðs; að nægjanlegt rekstrarfé ásamt góðum varasjóði verði hin skynsamlega meginregla í fjármálum hennar; að enginn nefndarmannanna muni nokkurn tíma verða settur í stöðu sem veitir honum ótakmarkað vald yfir einhverjum öðrum; að öllum mikilvægum ákvörðunum sé náð með samræðum, kosningum og þegar mögulegt er, með samþykki aukins meirihluta; að engar gjörðir ráðstefnunnar feli nokkurntíma í sér persónulegar refsingar eða verði tilefni til opinberra ágreiningsmála; að hún framkvæmi aldrei neinar stjórnsluákvæðanir; að líkt og AA-samfélagið sem hún þjónar, muni ráðstefnan ávallt hugsa og starfa á lýðræðislegan máta.

C.2 Tólf þjónustuhugtök fyrir heimsþjónustu AA (lengri útgáfa)

1. Endanleg ábyrgð og lokaumboð fyrir heimsþjónustu AA ætti ávallt að liggja hjá sameiginlegri samvisku samtakanna í heild sinni.
2. Þegar AA-deildirnar samþykktu endanlegan stofnsáttmála fyrir Allsherjarþjónusturáðstefnuna árið 1955, framseldu þær til ráðstefnunnar varanlegt umboð til virks viðhalds heimsþjónustu okkar. Með þessu varð ráðstefnan hin raunverulega rödd og virk samviska félagsskapar okkar í heild sinni að undanskildum öllum breytingum á erfðavenjunum tólf eða á grein 12 í stofnskrá ráðstefnunnar.
3. Hér með er lagt til – sem hefðbundinni leið til þess að skapa og viðhalda vel skilgreindu samstarfi á milli AA-deildanna, ráðstefnunnar, heimsþjónustunnar, Allsherjarþjónustunefndar AA og hinna mismunandi þjónustusviða hennar, starfsfólks, nefnda og umsjónarmanna framkvæmda – að við ánöfnum hverri þessara eininga hefðbundnum rétti til ákvarðanatöku og tryggjum þannig árangursríka forystu.
4. Við ættum að viðhalda hefðbundnum rétti til þátttöku fyrir hvert ábyrgðarsvið í gjörvöllu skipulagi ráðstefnunnar, og gæta þess að hvert svið eða hópur alheimsþjóna okkar fái kosningarétt í sanngjörnu hlutfalli við þá ábyrgð sem þeir bera.
5. Hefðbundinn réttur til áfrýjunar ætti að ríkja í gjörvöllu skipulagi heimsþjónustu okkar og þannig tryggja að skoðanir minnihlutans heyrist og að beiðnir um úrbætur í persónulegum umkvörtunarefnum séu vandlega skoðaðar.
6. Allsherjarþjónusturáðstefnan ber frumábyrgð á að viðhalda heimsþjónustunni fyrir hönd AA-samtakanna í heild sinni og tekur samkvæmt vengu lokaákvæðanir í stærri málum eins og almennum stefnumálum og fjárhagsmálum. Ráðstefnan viðurkennir þó að meginfrumkvæði og virk ábyrgð á flestum þessara mála ætti aðallega að vera í höndum þeirra nefndarmanna á ráðstefnunni sem í sameiningu gegna hlutverki Allsherjarþjónustunefndar AA-samtakanna.
7. Ráðstefnan viðurkennir að stofnskrá og samþykktir Allsherjarþjónustunefndarinnar eru lagaleg skjöl og að meðlimir nefndarinnar hafi þar með fullt umboð til að sjá um og veita forystu öllum málefnum heimsþjónustunnar fyrir AA-samtökin. Það er einnig skilið að stofnskrá ráðstefnunnar er ekki lagalegt skjal í sjálfu sér heldur byggir á mætti hefðarinnar og drifkrafti AA-þyngjunnar til framgangs samtakanna.

8. Nefndarmenn Allsherjarþjónustunefndarinnar gegna tveimur meginhlutverkum: (a) Þeir eru aðalskipuleggjendur og forsvarsmenn stærri málefna er verða heildarstefnu og fjármál. Ásamt aðalnefndum sínum hafa þeir beina umsjón með þessum málum. (b) En með tilliti til þess að þjónusta okkar starfar í aðskildum sjálfstæðum einingum og er sívirk, er staða nefndarmanna í megindráttum eins og þeirra sem fara með öll hlutabréf í félagi og hafa forsjárhlutverki að gegna, sem þeir nýta með getu sinni til að kjósa alla forystu þessara eininga.
9. Á öllum stigum eru góðir þjónustuleiðtogar, ásamt skynsamlegum og viðeigandi aðferðum til að velja þá, ómissandi fyrir starfsemi okkar og velferð í framtíðinni. Allsherjarþjónustunefndin tekur óhjákvæmilega að sér aðalforystu heims þjónustunnar sem áður var í höndum stofnenda AA-samtakanna.
10. Í þjónustu okkar ætti hverri ábyrgð að fylgja samsvarandi vald. Umfang slíks valds ætti ávallt að vera vel skilgreint, hvort heldur er út frá hefð, ályktun, sérstakri starfslýsingu eða í gegnum viðeigandi stofnskrá og samþykktir.
11. Þrátt fyrir að allsherjarnefndarmennirnir beri lokaábyrgð á heimsþjónustu AA, ættu þeir ávallt að njóta fulltingis bestu mögulegu þjónustunefnda, þjónustuformanna, framkvæmdaðila, starfsmanna og ráðgjafa. Samsetning þessara undirliggjandi þjónustunefnda, persónulegt hæfi nefndarmanna, aðferðin við val þeirra til þjónustu, kerfið sem notað er við að skipta þeim út, hagsmunatengsl þeirra í millum, sérstök réttindi og skyldur formanna, starfsmanna og ráðgjafa okkar, ásamt viðeigandi grundvelli fyrir greiðslum til starfsmanna, munu ávallt vera málefni sem krefjast alvarlegrar og vandlegrar íhugunar.
12. Almennar ábyrgðir ráðstefnunnar: Að í öllu sínu starfi muni ráðstefnan starfa í anda erfðavenja AA og leggja sig vandlega fram við að koma í veg fyrir að hún verði aðsetur skaðlegs valds eða auðs; að nægjanlegt rekstrarfé ásamt góðum varasjóði verði hin skynsamlega meginregla í fjármálum hennar; að enginn af nefndarmönnum muni nokkurn tíma verða settur í stöðu sem veitir honum ótakmarkað vald yfir einhverjum öðrum; að öllum mikilvægum ákvörðunum sé náð með samræðum, kosningum og þegar mögulegt er, með samþykki aukins meirihluta; að engar gjörðir ráðstefnunnar feli nokkurntíma í sér persónulegar refsingar eða verði tilefni til opinberra ágreiningsmála; þó að ráðstefnan geti framkvæmt í þágu AA-samtakanna muni hún aldrei framkvæma neinar stjórnsýsluákvæðanir; að líkt og AA-samfélagið sem hún þjónar, muni ráðstefnan ávallt hugsa og starfa á lýðræðislegan máta.



Útgefandi: AA-útgáfan
www.aa.is